



Umhverfis- og skipulagssvið

### ***Gufunes – Samgöngutengingar***

Á fundi borgarráðs þann 9. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. desember 2021 á tillögu að deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi, ásamt fylgiskjöllum

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Helsta markmið með deiliskipulaginu er að búa til betri samgöngutengingar frá nýskipulögðu svæði í Gufunesi upp á Strandveg. Lagðir verða stígar og innanhverfisvegur í þeim tilgangi. Jafnframt er Hallsteinsgarður festur í sessi sem borgargarður. Fyrirhuguð lega Sundabrautar verður höfð til hliðsjónar við breytingar á deiliskipulagi í framtíðinni og samráð haft við Vegagerðina varðandi þann þátt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að tillögur um bráðabirgðaveg í Gufunesi og göngutengingar á svæðinu yrðu bornar upp í tvennu lagi þar sem um tvö aðskilin mál er að ræða. Því var hafnað. Annars vegar er um að ræða bætt aðgengi til framtíðar fyrir gangandi og hjólandi sem búa í Gufunesi og þá sem vilja njóta útivistar á svæðinu og hins vegar bráðabirgðaveg sem er umdeildur þar sem hann mun liggja á veghelgunarsvæði Sundabrautar. Óljóst er með öllu hvort þessi bráðabirgðavegtenging kunni að vera varanleg.

Helga Björk Laxdal  
e.u.